# AUGLÝSING

**um bann við veiðum krókabáta með þorskaflahámarki, fiskveiðiárið 1995/1996.**

1. gr.

Allar línu- og handfæraveiðar krókabáta skv. 6. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1995, sem leyfi hafa til að stunda veiðar með þorskaflahámarki eru bannaðar eftirgreinda daga:

| | |
|---|---|
| September: | 8., 9., 10., 22., 23., 24. |
| Október: | 13., 14., 15., 27., 28., 29. |
| Nóvember: | 10., 11., 12., 24., 25., 26. |
| Desember: | 1. til 31., að báðum dögum meðtöldum. |
| Janúar: | 1. til 31., að báðum dögum meðtöldum. |
| Febrúar: | 9., 10., 11., 23., 24., 25. |
| Mars: | 8., 9., 10., 22., 23., 24. |
| Apríl: | 2. til 8., að báðum dögum meðtöldum, 12., 13., 14., 26., 27., 28. |
| Maí: | 10., 11., 12., 24., 25., 26. |
| Júní: | 7., 8., 9., 21., 22., 23. |
| Júlí: | 12., 13., 14., 26., 27., 28., 30., 31. |
| Ágúst: | 1. til 5., að báðum dögum meðtöldum, 9., 10., 11., 23., 24., 25. |

2. gr.

Brot á auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 403/1995, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996, öðlast gildi 1. september 1995.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 17. ágúst 1995.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*